



Frá fyrsta samningafundi Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnuálagssambands samvinnufélaga í gær. — Ljósmynd Sv. Þorm.

## Samningafundur boðaður eftir viku

FYRSTI samningafundur samningsaðila á vinnumarkaðnum var haldinn í húskynnum Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41 í gærmorgun. Fundurinn, sem haldinn var að ósk Alþýðusambands Íslands, var að sögn Björns Jónssonar, forseta þess, mjög svipaður öðrum upphafsfundum um samningagerð. Samninganevnd ASI gerði grein fyrir kröfum sínum og fulltrúar vinnuveitenda skýrðu sjónarmið sín. Fundurinn stóð í hálfu aðra klukkustund og hefur næsti fundur

verið boðaður á föstudag í næstu viku klukkan 14.

Í fréttatilkynningu frá Vinnuveitendasambandi Íslands um fundinn segir, að auk fulltrúa VSI og ASI hafi setið fundinn formaður og framkvæmdastjóri Vinnuálagssambands samvinnufélaganna, en fyrirhugað er, að VSI og VS myndi með sér sérstaka samninganevnd á næstunni, sem annast mun framhald viðræðna. Þá kemur fram í fréttatilkynningunni að kröfur ASI hafi verið í samræmi við kjaramála-

ályktun ASI, sem haldin var seinast í nóvembermánuði. Aður hefur komið fram, að kröfur ASI miðast við að á sem stytztum tíma verði náð þeim kaupmætti launa, sem ákveðinn var með undirritun kjarasamninganna hinn 26. febrúar síðastliðinn. Þá kemur og fram í tilkynningunni, að fyrirhugaðir eru fundir með báðum aðilum vinnumarkaðarins á næstunni, svo og með ríkisstjórninni. Sambandsstjórnarfundur VSI verður næstkomandi miðvikudag klukkan 15,30 og verða þar rædd viðhorf samningamálanna.

## Fjórða mesta afla-ár Íslendinga 1974

SAMKVÆMT bráðabirgðatölum, sem Fiskifélag Íslands hefur sent frá sér um afla Íslendinga á árinu 1974, er heildaraflinn 1974 sá fjórði mesti, sem um getur í sögu fiskveiða Íslendinga. Heildaraflinn '74 var 938,5 þús. lestrir á móti

906 þús lestrum 1973. Meira aflamagn barst á land 1964, eða 971 þús. tonn, 1199 þús. lestrir árið 1965 og 1243 þús. lestrir 1966.

A s.l. ári var þorskafl landsmanna um 400 þús. lestrir og loðnaflinn 460 þús. lestrir þannig

að þessir tveir stofnar eru tæplega 100% af afla landsmanna. Þorskaflur bátaflosts 1974 var 250 þús. lestrir á móti 292 þús. lestrum 1973 og þorskaflur togaraflots 1974 var 152 þús. lestrir á móti 97 þús lestrum 1973.

Sildaraflur var 40 þús. lestrir 1974, en 43 þús. lestrir 1973, loðnaflur var 462 þús. lestrir '74, en 441,5 þús. lestrir '73, rækjuafli 6500 lestrir á móti 7300, humaraflur 2000 lestrir á móti 2800 árið '73, hörpudiskur 2,9 þús. lestrir á móti 4,7, hrognkelsi 3,8 þús. lestrir á móti 4,5 og annar aflur var 19,4 þús. l. á móti 12,3 þús. l.

Tölur ársins 1974 eru byggðar á bráðabirgðayfirliti trúnaðarmanna Fiskifélagsins, en þess ber að geta að mestum hluta sildaraflans var landað erlendis. Tölur um afla hrognkelsa eru áætlaðar með tilliti til framleiðslu grásleppuhrognna.

## Landsliðið valið

BIRGIR Björnsson, landsliðsleikni, valið í gær val sitt á Íslenska handknattleikslandsliðinu, sem keppa mun á Norðurlandameistaramótinu í Kaupmannahöfn, um næstu mánaðamót, að öðru leyti en því að markverðir liðsins hafa ekki enn verið valdir. Leikmenn liðsins verða að öðru leyti eftirtaldir: Ólafur H. Jónsson, Val, Geir Hallsteinsson, FH, Einar Magnússon, Víking, Pétur Jóhannesson, Fram, Stefán Halldórsson, Víking, Björgvin Björgvinsson, Fram, Arni Indriðason, Gróttu, Bjarni Jónsson, Þrótti, Jón H. Karlsson, Val og Axel Axelsson, Fram.

## Seðlabankinn:

# Raunvextir fara hækkandi á spariskírteinum

SEÐLABANKI Íslands hefur gert athugasemdir við baksíðufrétt Morgunblaðsins í blaðinu í gær um versnandi kjör við útgáfu spariskírteina ríkissjóðs. Í töflu, sem þessi frétt fylgir, sýnir Seðlabankinn svokallaða raunvexti, þar sem saman eru teknir nafnvextir og álag vegna hækkunar byggingavísitölu. Er síðan fundið ársmeðaltal raunvaxta og kemur þá í ljós, að svokallaðir raunvextir fara vaxandi með hverju nýju útbóði. Hæstu raunvextir eru á öðrum flokki skírteina frá 1973 eða 67,3%. Á elzta flokknum frá 1964 eru raunvextir 29,5%.

Ástæðan fyrir þessu er að sjálf-

sögðu sú, að meginhluta þess tíma, sem liðinn er frá útgáfu flokksins frá 1964 var stígangi byggingavísitölu ekki slíkur sem hann hefur verið síðustu óðaverðbólguár. Lækkar það að sjálf-sögðu raunvexti hvers árs. Þá hafa og kaupendur spariskírteina enga tryggingu fyrir því, að sami stígangi verði í byggingavísitölu næstu ár og verið hefur. Því geta meðaltalsraunvextir breytt mjög á nýjstu flokknum ef stígangi vísitölnunnar minnkar á næstu árum. Í síðasta dálki töflu Seðlabankans eru raunvextir reiknaðir út miðað við 4% nafnvexti eða með sama nafnvaxtafæti og boð-

Framhald á bls. 18

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Útreikningur á vöxtum spariskírteina miðað við janúar 1975<sup>1)</sup>

Flokkur	Útg.dagur	Meðalnafnvextir allt tímabilið í %	Raunvextir í % <sup>2)</sup>	Raunvextir miðað við 4% nafnvexti
1964	10. 1. '65	7,2	29,5	25,6
1965	10. 9. '65	6	28,8	26,3
1965-2.	20. 1. '66	6	28,0	25,6
1966-1.	20. 9. '66	6	29,1	26,7
1966-2.	15. 1. '67	6	29,5	27,1
1967-1.	15. 9. '67	6	31,6	29,1
1967-2.	20.10. '67	6	31,9	29,4
1968-1.	25. 1. '69	6	36,9	34,3
1968-2.	25. 2. '69	6	36,1	33,5
1969-1.	20. 2. '70	6	36,6	34,0
1970-1.	15. 9. '70	6	39,8	37,1
1970-2.	5. 2. '71	5,5	36,9	35,0
1971-1.	15. 9. '71	5	41,8	40,4
1972-1.	25. 1. '72	5	40,8	39,5
1972-2.	15. 9. '72	5	45,2	43,8
1973-1A,B.	15. 9. '73	5	56,7	55,2
1973-2.	25. 1. '74	5	67,3	65,7
1974-1.	15. 9. '74	5	50,5	49,2

1) Vextir reiknaðir fram til sama mánaðardags í janúar 1975 og útgáfudagur er í upphafi.

2) Miðað er við þá meðalnafnvexti, er gilda, ef skírteini er ekki innlest fyrir en við lok gildistíma þess.

## Ný Kjarvalssýning opnuð í gær


ÞRIÐJA sýningin á verkum Jóhannesar Kjarvals var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær. Í upphafi var ráð fyrir því gert að austursalur hússins yrði til sýninga á verkum Kjarvals og þegar húsið var opnað í marz 1973 hóf það starfsemi sína með yfirlitssýningu á verkum meistarans. Önnur sýning var svo opnuð í desembermánuði 1973 og lauk henni þegar sýning á myndlist í 1100 ár var opnuð s.l. vor.

Sýningin, sem nú hefur verið

opnuð, er að nokkru leyti frábrugðin hinum tveimur, en myndirnar eru allar í eigu Reykjavíkurborgar. Alls eru myndirnar á sýningunni 75 talsins.

Á síðasta ári hafa safninu borizt nokkrar myndir að gjöf og eru þær sýndar sérstaklega. Ásta Hallsdóttir tannsmiður átti myndina „Hugarkvöl“ og hafði hún óskað sérstaklega eftir því að erfingjar færðu safninu myndina til

Framhald á bls. 18



Birgir Ísl. Gunnarsson borgarstjóri, Björn Guðbrands-son læknir, tengdasonur Matthildar Kjartansdóttur og Guðbrands Magnússonar, skoða hinar nýju myndir í Kjarvalssafni ásamt Markúsi Erni Antonssyni borgarfulltrúa.

## Tímabundinn samdráttur í flugi til Osló og Stokkhólms

### Air Viking bauðst til að sinna áætlun

VEGNA væntanlegrar skoðunar á báðum þotum Flugfélags Íslands höfðu Flugleiðir áformað að leggja niður áætlunarflug frá janúarlökum og fram í febrúar til Oslóar og Stokkhólms, en á því tímabili mun vera hvað minnst að fljúga á þessum leiðum. Hafði ferðaskrifstofum og farþegum verið tilkynnt um þetta, en í gær var afráðið að halda uppi ákveðnum ferðum til Oslóar á þessu tímabili, en fella niður ferðir til Stokkhólms.

Örn Johnson framkvæmdastjóri Flugleiða sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að þetta mál hefði verið til ihugunar hjá þeim, en venjulega gerðu þeir ýmsar breytingar í svartasta skammdeginu þegar um stórskoðanir á værum væri að ræða og sá tíminn sem minnst væri að flytja.

Íslenska flugfélagið Air Viking sendi samgönguráðuneytinu skeyti í gær og bauðst til að sinna áætlunarflugi til Oslóar og Stokkhólms „á meðan Flugleiðir gætu það ekki eða ætluðu ekki“, sagði Guðni Þórðarson forstjóri Air Viking í samtali við Mbl. í gær, „því farþegar höfðu komið til okkar og kvartað yfir því að komast ekki til Noregs á þessum tíma nema með flugi í gegn um Kaupmannahöfn og slíkt hefði í för með sér mikinn tilkostnað. En það gleður mig að til þess þurfti ekki að koma, að fella niður áætlun til

tveggja höfuðborga Norðurlanda. Fyrir utan minni þjónustu hefði það líka verið leitt á sama tíma og þing Norðurlandaráðs er haldið í Reykjavík.“

Morgunblaðinu barst síðdegis í gær eftirfarandi fréttatilkynning frá kynningardeild Flugleiða h.f.:

Á tímabilinu 27. janúar til 21. febrúar n.k. munu verða nokkrar breytingar á flugi Íslensku áætlunarflugfélaganna til Oslóar og Stokkhólms. Þessar breytingar eru til komnar vegna skoðana á annarri þotu Flugfélagsins sem fram fer á þessu tímabili.

Síðari hluti janúar og febrúar er venjulega það tímabil sem minnst er um að vera í millilandafluginu. Því var ákveðið að breyta Norðurlandafluginu þennan tíma á þann veg og að það yrði framkvæmt með einni þotu, og þá yrðu kvöldferðir frá Keflavík til Oslóar og Stokkhólma. Það kom hins vegar í ljós þegar aðgættar voru bókanir fyrir þessar ferðir, að sárafári farþegar ætluðu að fljúga með þeim. Því var ákveðið að þær skyldu fellar niður, en annar háttur hafður á fluginu á því tímabili sem að ofan greinir. Flug-ið verður á sunnudögum samkvæmt áætlun og er brottför frá Keflavík til Oslóar kl. 8 að morgni. Á þriðjudögum eru bein flug til Oslóar og er brottför frá

Framhald á bls. 18